

Því úrskurðast:

Krafan um, að hinn reglulegi dómari, Jón Steingrímsson, víki sæti í máli þessu, verður eigi tekin til greina.

Miðvikudaginn 14. desember 1955.

Nr. 11/1954. **Fjármálaráðherra og vegagerð ríkisins**

f. h. ríkissjóðs (Benedikt Sigurjónsson)

gegn

Stefaníu Jóhannesdóttur f. h. sína og dóttur

sinnar, Guðrúnar Hrannar Ólafsdóttur

(Sveinbjörn Jónsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Dánarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1954. Krefst hann lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda, að hver aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjendum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 10. febrúar 1954. Krefjast þeir þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 194.829.03 eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar auk 6% ársvaxta frá 15. júní 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt rökum þeim, er greinir í héraðsdómi, ber að staðfesta ákvæði hans um, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjendum tjón þeirra að hálfu.

Dánarbætur til gagnáfrýjanda Stefaníu og bætur fyrir röskun á stöðu hennar og högum þykja samkvæmt gögnum málsins hæfilega ákveðnar kr. 120.000.00, en frá þeirri fjárhæð dragast kr. 9076.50, sem gagnáfrýjandinn Stefanía hefur fengið í ekkjubætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Bætur til dóttur Stefaníu, Guðrúnar Hrannar, fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu hennar og högum þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 25.000.00.

Priðji kröfuliður gagnáfrýjanda, útfararkostnaður, kr. 4829.03, er viðurkenndur tölulega og verður því lagður til grundvallar.

Samkvæmt framanskráðu verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjendum helming af kr. 110.923.50 + kr. 25.000.00 + kr. 4829.03, þ. e. kr. 70.376.27 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra og vegagerð ríkisins f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Stefaníu Jóhannesdóttur f. h. sína og dóttur sinnar, Guðrúnar Hrannar Ólafsdóttur, kr. 70.367.27 með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1953 til greiðsludags og samtals kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 13. nóvember 1953.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 6. þ. m., hefur stefnandi, Stefanía Jóhannesdóttir, húsfreyja, Garðshorni, Glæsibæjarhreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu vegna sín og ólögráða dóttur sinnar, Guðrúnar Hrannar Ólafsdóttur, með stefnu, útgefinni 15. júní s.l., á hendur stefndu, vegamálastjóra f. h. vegagerðar ríkissjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og gerir þá kröfu, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fébætur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum, að upphæð kr. 194.829.93, vegna andláts Ólafs bónda Tómassonar að Garðshorni, sem fórst þann 5. september 1952 af slysförum. Hún krefst og 6% ársvaxta af upphæðinni frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi stefndu eftir reikningi eða mati dómara.

Af hendi stefnda, vegamálastjóra f. h. vegagerðar ríkissjóðs, er krafizt lækkunar á kröfu stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður. Af hendi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er krafizt sýknu og málskostnaðar. Til vara er þess krafizt, að tjóninu verði skipt milli málsaðilja í hlutfalli við sök.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir máli sínu: Þann 5. september 1952 varð Ólafur Tómasson, eiginmaður stefnanda Stefaníu og faðir Guðrúnar Hrannar, fyrir bifreiðinni A 710 á veginum í Krækli-

ingahlið nálægt akbrautinni heim að Garðshorni og beið bana af. Bifreiðin A 710 var eign vegagerðar ríkissjóðs. Telur stefnandi, að vegagerðin sem eigandi bifreiðarinnar og ríkissjóður sem ábyrgur aðili fyrir öllum fjárskyldum vegagerðarinnar beri fulla bótaábyrgð á tjóni því og miska, er þær mæðgur, stefnandi Stefanía og Guðrún Hrönn, urðu fyrir við andlát Ólafs Tómassonar.

Stefndi vegamálastjóri f. h. vegagerðar ríkissjóðs byggir lækku-unarkröfu sína á því, að Ólafur hafi sjálfur átt með ógætni sinni verulega sök á slysinu og því sé réttmætt, að tjóninu verði skipt, sbr. 3. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Einnig hafi ökumaður A 710 gert allt, sem í hans valdi stóð, til þess að forða slysi. Þá sé tjón stefnanda talið of hátt í stefnukröfunni og ekki nægilega rökstutt.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, byggir sýknukröfu sína á því, að ríkissjóður sé ekki eigandi bifreiðarinnar A 710, heldur vegagerð ríkissjóðs. Beri því að sýkna ríkissjóð sökum aðildarskorts. Í annan stað er því mótmælt, að ökumaður A 710 hafi bakað eiganda bifreiðarinnar skaðabótaskyldu með háttsemi sinni. Einnig er kröfum stefnanda mótmælt sem of háum.

Slys það, er leiddi Ólaf Tómasson til bana, bar til með þeim hætti, að hann var að koma frá Akureyri í bifreið, en staðnæmdist á veginum í Kræklingahlið í nánd við akbraut, er liggur heim að Garðshorni. Bifreiðin nam staðar á hægri vegarkanti. Fór Ólafur úr bifreiðinni hægra megin, gekk fram fyrir hana og skáhallt yfir veginn í stefnu að hliði, er var fyrir akbrautinni heim að Garðshorni og hann hugðist opna. Þegar hann var kominn nokkuð út á veginn, sem þarna var 7 m breiður, ók jeppabifreiðin A 710 framhjá, og varð árekstur milli Ólafs og bifreiðarinnar. Kastaðist Ólafur á veginn við áreksturinn og missti meðvitund. Var hann síðan fluttur á sjúkrahús á Akureyri og lézt þar næsta dag án þess að fá meðvitund aftur eftir slysið. Dánarorsök var talin höfuðkúpubrot og heilamar. Höfðað var mál af hendi ákærvaldsins á hendur ökumanni A 710, og var hann dæmdur í 2500 króna sekt og sviptur ökuleyfi eitt ár fyrir að hafa orðið meðvaldur af gáleysi að slysi því, er hér ræðir um. Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað. Af rannsókn málsins verður ráðið, að ökumaður A 710 ók með 30—35 km hraða. Hann gaf ekki hljóðmerki, er hann ók framhjá bifreiðinni, er Ólafur hafði verið í, og hann veitti Ólafi ekki athygli, fyrr en örskammt var milli þeirra. Hann hemlaði strax og sveigði til vinstri, en áreksturinn varð á samri stund. Ólafur virðist hafa hlaupið við fót eða gengið hratt frá hægri hlið bifreiðarinnar, er hann hafði verið í, og stefnt skáhallt yfir veginn, án þess að gefa gætur að umferð ökutækja, og sýnist hafa lent á hægri hlið A 710 framarlega. Ökumaðurinn í bifreið Ólafs kallaði til hans og reyndi að gera honum aðvart um, að bifreiðin væri að koma, en hann heyrði það ekki eða veitti því ekki athygli. Af þessu er nægilega ljóst, að Ólafur hefur sjálfur átt hlut að því með ógætni sinni að slys varð

af. Hins vegar þykir einnig sýnt, að ökumaður A 710 hafi ekki viðhaft næga varúð við akstur bifreiðarinnar, þar sem hann gaf ekki gætur að því, sem gerðist við kyrrstæða bifreiðina, og gaf ekki hljóðmerki, er hann nálgast hana. Virðist að athuguðum málavöxtum rétt, að sökinni verði skipt þannig, að sá aðili, sem bótaábyrgð ber á tjóni af völdum bifreiðarinnar, bæti helming þess.

Um sýknukröfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna aðildarskorts er það að segja, að vegagerð ríkissjóðs, sem er eigandi bifreiðarinnar A 710, er ríkisstofnun, sem stjórnað er af til þess skipuðum embættismanni og annast brúa- og vegagerðir og viðhald þjóðvegakerfisins, allt fyrir fé, sem til þess er veitt úr ríkissjóði í fjárlögum ár hvert. Telst því ekki vafi á því, að ríkissjóður er ábyrgur fyrir öllum fjárskuldbindingum vegagerðarinnar og skaðabótaverkum samkvæmt almennum reglum. Sýknuástæða þessi verður því ekki tekin til greina. Sýknukrafa fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem byggð er á því, að ökumaður A 710 hafi ekki bakað bifreiðareiganda bótaskyldu, kemur ekki til álita, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936 og það, sem að framan greinir. Samkvæmt þessu ber að dæma stefndu annan fyrir báða og báða fyrir annan til þess að bæta tjón stefnanda að helmingi.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

- | | |
|---|----------------|
| 1. Krafa Stefaniú Jóhannesdóttur, dánarbætur og bætur fyrir röskun á högum og stöðu | kr. 160.000.00 |
| 2. Krafa Guðrúnar Hrannar, bætur fyrir missi framfæranda og fyrir röskun á stöðu og högum | — 30.000.00 |
| 3. Útfararkostnaður | — 4.829.03 |

Alls kr. 194.829.03

Tryggingafræðingur hefur reiknað út með líkindatölum, hvað telja megi hæfilegar bætur til stefnanda fyrir missi fyrirvinnu og framfæranda, og eru reikningar hans byggðir á skattframtölum Ólafs heitis Tómassonar nokkur síðustu árin. Telur hann lágmarksbætur til stefnanda Stefaniú kr. 145.094.00, og eru þá ekki taldar með áætlaðar tekjur, er farið hefðu til framfærslu barns hennar. Upphæðin er miðuð við slysdag, en ekki tekið tillit til opinberra gjalda. Að viðbættum 4% ársvöxtum til útgáfudags stefnu nemur upphæðin sem næst kr. 149.400.00. Til viðbótar þeirri upphæð krefst stefnandi kr. 10.600.00 í bætur fyrir röskun á stöðu og högum, sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Ólafur heitin Tómasson var 51 árs að aldri, er hann lézt, en stefnandi 4 árum yngri.

Með hliðsjón af mati tryggingafræðingsins og með tilliti til þess, að dæmdar bætur verða ekki taldar stefnanda tekjur við álagning tekjuskatts og útsvars, þykir tjón samkvæmt 1. lið stefnukröfunnar hæfilega metið kr. 140.000.00. Þar frá ber að draga bætur, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt, kr. 9078.00, enda er ekki

um endurkröfurétt á því fé að ræða, þar eð stefndu í máli þessu eiga ekki hugræna sök á tjóninu.

Tryggingafræðingurinn telur lágmarksbætur til Guðrúnar Hrannar kr. 18.400.00 miðað við slysdag, og er sú upphæð miðuð við meðlag það, sem feðrum óskilgetinna barna er gert að greiða þeim til 16 ára aldurs, en Guðrún Hrönn var 7 ára, er faðir hennar lézt. Tryggingafræðingurinn telur, að til greina geti komið hærri upphæð fyrir hvert ár og auk þess gæti verið, að telpan hefði getað vænt einhvers stuðnings frá föður sínum eftir 16 ára aldur, t. d. vegna skólagöngu. Með hliðsjón af þessu krefzt stefnandi kr. 24.000.00 dánarbóta henni til handa og auk þess 6000 kr. bóta fyrir röskun á stöðu og högum. Samkvæmt lögum nýtur hún barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, frá því að faðir hennar lézt og til 16 ára aldurs. Með vísun til þessa og með hliðsjón af öðrum atvikum, er til greina koma, telst fjártjón hennar fyrir missi framfærandi og röskun á stöðu og högum hæfilega metin kr. 18.000.00.

Upphæð 3. liðs stefnukröfunnar hefur ekki sætt andmælum og verður lögð til grundvallar í málinu.

Málalok verða samkvæmt þessu þau, að tjón stefnanda telst hafa numið kr. 130.922.00, kr. 18.000.00 og kr. 4829.03, eða samtals kr. 153.751.03. Verða stefndu dæmdir in solidum til að greiða helming þeirrar upphæðar, kr. 76.875.52, ásamt vöxtum eins og krafizt er í stefnu og kr. 8500.00 í málskostnað.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, vegamálastjóri f. h. vegagerðar ríkissjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Stefaníu Jóhannesdóttur, hennar vegna og ólöggráða dóttur hennar, Guðrúnar Hrannar Ólafsdóttur, kr. 76.875.52 auk 6% ársvaxta frá 15. júní 1953 til greiðsludags og kr. 8500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
